

25

18. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 16 6. apríl 1939, um breyting á lögum nr. 68
28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laga nr. 68 28. des. 1934 orðist þannig:

Útvarpsráð skipa fimm menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar. Kennslumálaráðherra skipar formann úr flokki hinna kosnu útvarpsráðsmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Skal kjósa í útvarpsráð samkv. lögum þessum á þingi því, er nú situr, og fellur þá niður umboð hinna fyrri útvarpsráðsmanna.

Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

26

18. febr.

L Ö G

um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölastaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum og kauptúnum.

Aður en útsala er sett á stofn, skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í því sýslu- eða bæjarfélagi, sem í hlut á, og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Hafi útsala verið stofnsett, verður hún ekki lögð niður aftur, nema því aðeins, að atkvæðagreiðsla fari fram og samþykkt sé að loka áfengisútsöluinni með meiri hluta atkvæða.

Atkvæðagreiðslur, sem um getur í 2. og 3. mgr., skulu fram fara, er $\frac{1}{3}$ hluti kjósenda eða meiri hluti sýslunefndar eða bæjarstjórnar í viðkomandi sýslu- eða bæjarfélagi krefst þess.

Nú hefur verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða loka útsölu, og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný, fyrr en að tveimur árum liðnum.